

Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi uppsvaita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. júlí 2012
Tilvísun: UST20120600077/ksj

Lýsing deiliskipulags fyrir fjallaselssvæðið Þverbrekknamúli.

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags. 12. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um lýsingu deiliskipulags vegna skálasvæðis við Þverbrekknamúla í Bláskógarbyggð.

Almennt um framkvæmd

Framkvæmdir við skálann eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar skv. lið 12d í 12.gr. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og fellur skipulagsáætlunin undir lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006. Gönguskálinn fellur jafnframt undir þjóðlendum sbr. úrskurð óbyggðanefndar og 2. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendum og er landsvæðið því á forræði forsætisráðuneytisins.

Ekki er verið að leggja til grundvallarbreytingu á nýtingu svæðisins heldur unnið skv. þeim stefnumiðum sem sett eru fram í svæðis- og aðalskipulagi.

Helstu stefnumið áætlunarinnar eru eftirfarandi:

- Staðfesta lóðarmörk og lóðarstærð, sem forsendu fyrir leigusamningum
- Stækkun/endurnýjun salernishúss
- Byggingarreitur fyrir nýjan gistiskála eða stækkun núverandi skála
- Byggingarreitur fyrir skálavarðarhús

Skipulagið er unnið á vegum Ferðafélags Íslands (FÍ) í samvinnu við Bláskógabyggð. Samkvæmt lýsingu þá er markmiðið með framkvæmdinni að bjóða gönguhópum á hálendinu viðunandi gistingu og hreinlætisaðstöðu en einnig þarf að huga að starfsaðstöðu skálavarða.

Staðhættir, náttúrufar og náttúruminjar

Fram kemur í erindi að skálinn stendur á hrauni sem aðallega er þakið mosa og skófum, en ofan hans og í kring eru grösugar brekkur milli fjallahnjúkanna Múla og Fúlukvíslar. Neðan við skálann er sandalda þar sem jeppaslóði endar. Meðfram Fúlukvísl eru grösugir bakkar og nokkru vestar, undir Hrútfelli eru Hvannir, sem taka nafn sitt af hvönnunum sem þar vaxa. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er nútímahraun jarðmyndun sem fellur undir sérstaka vernd og skal forðast að raska því ef þess er nokkur

kostur. Einnig kemur fram í *Velferð til framtíðar – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi* (8.kafli, í II hluta) að nútímahraun er meðal þeirra jarðmyndana sem eru í forgang um vernd næstu árin. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að byggingareitir fyrir ný hús verði staðsettir þannig að nútímahraun verði ekki fyrir röskun.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að æskilegt er að velja framkvæmdartíma með tilliti til viðkvæmni lands og gróðurs. Við framkvæmd er mikilvægt að jarðrask og rask á gróðri verði haldið í lágmarki. Stofnunin telur brýnt að það komi fram í deiliskipulagsskilmálum að óheimilt er að gróðursetja framandi tré og plöntur á svæðinu enda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofar 500 metra hæðar yfir sjó.

Vegir og bílastæði

Umhverfisstofnun vill benda á að lögum samkvæmt er utanvegaakstur bannaður.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að öll bílastæði við mannvirki verði vel afmörkuð til að sporna gegn utanvegaakstri og að merkingar séu samræmdar í útliti og myndi eina útlitslega heild.

Frárennsli og rotþrær

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að fráveita á svæðinu sé í samræmi við reglugerð nr.798/1999 um fráveitur og skólp. Að mati Umhverfisstofnunar þarf í deiliskipulagi að sýna staðsetningu rotþróa á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að rotþró og siturlagnir þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð um fráveitur og skólp. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir og er þær að finna á heimasíðu stofnunarinnar (www.ust.is).

Neysluvatn og vatn

Fram kemur í erindi að á sumrin er rennandi vatn í skálanum, sem fengið er úr vatnsbóli um 600 m suðaustur af skála, á bökkum Fúlukvíslar. Það er leitt í ofanáliggjandi vatnslögn, sem tekin er saman á veturnar og geymd, en eins og við aðra fjallaskála er lokað fyrir vatnið á veturna.

Stundum gætir vatnsskorts á sumrin og þarf þá að sækja vatn í brúsa norður af skálanum.

Fram kemur að þar sem vatnssalernið er háð rennandi vatni þurfi að athuga hvort ekki er unnt að bæta úr vatnsmálum, þannig að tryggja meggi að nægilegt rennandi vatn sé yfir sumartímann.

Í ofangreindri lýsingu að deiliskipulagi kemur eftirfarandi fram: „*Áætlað er að athuga hvort hægt sé að tryggja vatnsrennslið betur þannig að nóg sé af vatni yfir sumartímann.*“ Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram hvaða framkvæmdir þurfi að koma til við vatnsöflun.

Mengun og sorp

Umhverfisstofnun bendir á að hvergi komi fram í deiliskipulags- og matslýsingu hvað gert verði við tilfallandi sorp, stofnunin bendir á 10. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Mannvirki

Samkvæmt lýsingu er ekki búið að ákveða hvort um stækkun núverandi gistiskála eða byggingu nýs gistiskála er að ræða. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skýrt komi fram í deiliskipulagi hvor leiðin er valin svo hægt sé að meta áhrif framkvæmdar. Ef áætlað er

að reisa nýjan gistiskála er mikilvægt að lýsa því hvar byggingareiturinn verði staðsettur

Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilmálar fyrir byggingar, þ.e. hæð, þakhalli og efnisnotkun komi fram í deiliskipulagi. Umhverfisstofnun minnir á að skv. 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd eiga byggingar að falla sem best að svipmóti landsins svo þær valdi ekki neikvæðum sjónrænum áhrifum.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að áætlaðar framkvæmdir verði settar fram á skýran hátt í deiliskipulagi. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram hvaða framkvæmdir þurfi að koma til við vatnsöflun og einnig þarf að koma fram hvað gert verði við tilfallandi sorp og úrgang.


Þar að auki telur Umhverfisstofnun ekki koma nægilega vel í ljós í greinargerðinni væntanleg staðsetning gistiskála og rotþróar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að byggingareitir verði staðsettir þannig að nútímahraun verði ekki fyrir röskun. Hafa þarf í huga að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum við framkvæmd.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögur að deiliskipulagi um skálasvæði við Þverbrekknamála í Bláskógarbygg

Virðingarfyllt



Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun